



Samþykkt reikninga verktaka

Á 435. fundi bæjarstjórnar, þann 11. apríl 2019, var samþykkt að gerður verði samningur um verkefnið „Stefnumótun og gerð langtíma fjárhags- og rekstraráætlunar Ísafjarðarbæjar“, auk þess sem samþykktur var viðauki við fjárhagsáætlun 2019 vegna verkefnisins.

Á 1100. fundi bæjarráðs, þann 30. mars 2020, kynntu Haraldur Líndal Haraldsson og Arnar Haraldsson, skýrslu HLH ehf. með úttekt á stjórnslu Ísafjarðarbæjar. Var bæjarstjóra falið að vinna málið áfram og leggja fyrir að nýju.

Þann 7. maí 2020 kynnti Haraldur Líndal Haraldsson lokaútgáfu skýrslu þessarar fyrir bæjarfulltrúum, bæjarstjóra og sviðsstjórum.

Á 1112. fundi bæjarráðs þann 29. júní 2020, kynntu sviðsstjórar og bæjarstjóri útfærslur verkefna og tillagna skýrslu HLH ráðgjafar um stjórnsluúttekt Ísafjarðarbæjar.

Í skýrslu HLH ehf. kom eftirfarandi tillaga fram:

Lagt er til að forstöðumenn stofnana yfirfari reikninga frá verktökum vegna vinnu við þeirra stofnun.

Mikilvægt er að forstöðumenn yfirfari reikninga frá verktökum vegna vinnu sem fram fer í þeirra stofnun. Nefna má sem dæmi í leikskólum að þá yfirfari leikskólastjóri reikninga sem komi vegna viðhaldsvinnu. Ætla verður að þeir sem eru á staðnum á hverjum tíma séu í bestri stöðu til að hafa eftirlit með þeirri vinnu sem fram fer og yfirfari reikninga vegna slíks.

Bæjarritari er sammála þessari tillögu HLH ehf.. Eðlilegt er að forstöðumenn yfirfari reikninga frá verktökum vegna vinnu sem fram fer á þeirra stofnun, og samþykkir línur reikninga. Sviðsstjóri eignasviðs samþykkir haus reikningsins.

Hægt er að breyta verklagi strax. Aðalbókari myndi uppfæra skilgreiningar að baki þessum reikningum og ef nauðsynlegt reynist að stofna heimildir á einstaka forstöðumenn til samþykkar á línunum eignasjóðsdeildar.

Bæjarritari leggur til að þessi tillaga verði samþykkt.